
Jarðgerð á Reyðarfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 11. september 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Íslenska gámafélaginu um fyrirhugaða jarðgerð á Reyðarfirði, Fjarðarbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.15 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðarbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Jarðgerð Íslenska gámafélagsins ehf. í Fjarðarbyggð.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fjarðarbyggð með tölvubréfi dags. 5. október 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 5. október 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. september 2017.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í framlögðum gögnum að tilgangur jarðgerðarinnar sé að draga úr urðun lífræns úrgangs og aðstoða þannig austfirsk sveitarfélög við að ná þeim markmiðum sem Umhverfisstofnun hafi sett fram í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Undanfarin ár hafi lífrænum heimilisúrgangi verið safnað á Fljótsdalshéraði og hafi öllum lífrænum úrgangi frá Fljótsdalshéraði sem og frá Seyðisfirði verið ekið til vinnslu hjá Moltu í Eyjafirði.

Samkvæmt áætlun á söfnun lífræns úrgangs megi búast við að magnið sem endurunnið verði á Reyðarfirði verði á bilinu 450-550 tonn á ári. Jarðgerðin fari fram með þeim hætti að safnað sé lífrænum heimilisúrgangi frá þremur sveitarfélögum á Austurlandi. Lífræni úrgangurinn fari úr söfnunarbíl í jarðgerðarvél ásamt stoðefnum sem séu kurlað timbur og hrossatað. Stoðefnum verði safnað á lager á svæðinu. Timbur verði tætt og geymt á svæðinu og hrossataði safnað þannig að ávallt sé tiltækt stoðefni í jarðgerðina. Lífræni heimilisúrgangurinn verði hinsvegar settur í vélina jöfnum höndum eftir því sem hann berst á svæðið.

Eitt af hlutverkum stoðefnanna sé að þerra moltublönduna og því ekkert frárennsli frá vinnslunni. Hinsvegar verði að gera ráð fyrir að vökvi sígi úr moltunni á þeim tíma sem hún sé að fullþroskast fyrir utan vél. Í jarðgerðarvélinni sé blöndunarbúnaður sem muni sjá um að blanda hráefnunum saman og tryggja aðkomu súrefnis. Niðurbrotsferlið fari fram með loftháðu ferli þannig að ekki myndist metan við niðurbrotið heldur eingöngu koldíoxíð.

Fram kemur í framlögðum gögnum að þegar blandan hafi verið í vélinni í um tvær vikur sé hrámoltan tekin úr og látin þroskast fyrir utan vélina í um 3-6 mánuði. Að þeim tíma liðnum séu tekin næringarefna- og bakteríusýni úr moltunni áður en moltan sé nýtt sem jarðvegsbætir við



uppgræðslu og gróðursetningu. Vélarnar sem notaðar verði til verksins séu færanlegar einingar með lítið umfang og anni um 400 tonnum af lífrænum úrgangi á ári hver eining fyrir sig.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að eingöngu sé verið að jarðgera lífrænan heimilisúrgang en ekki sé ætlunin að jarðgera sláturúrgang eða dýrahæ. Þetta sé hættulítt úrgangur sem verið sé að meðhöndla og engin ógn við umhverfið. Með jarðgerðinni sé verið að koma í veg fyrir að lífræni úrgangurinn fari til urðunar og auki þar með metanmyndun í urðunarstöðum.

Fram kemur að Íslenska gámafélagið hafi aðstöðu á Reyðarfirði sem henti afar vel sem miðstöð fyrir vinnslu lífræns úrgangs fyrir Austurland í heild. Á lóð fyrirtækisins sé rúmgott svæði sem nýtt hafi verið sem geymslusvæði fyrir hráefni sem bíður meðhöndlunar og lóðin sé á skipulögðu iðnaðarsvæði ætluðum fyrir þyngri iðnað, alls 6.500 m² að stærð. Aðgengi að lóðinni sé takmarkað með girðingu og utan vinnutíma sé svæðið læst. Á lóðinni sé einnig að finna húsnæði sem nýttist sem aðstaða fyrir vélar og tæki sem nauðsynleg séu fyrir vinnsluna. Umrætt svæði sem sé áætlað undir jarðgerð sé um 2.000 m² að stærð og muni duga fyrir vinnslu lífræns úrgangs frá öllu Austurlandi og ekki sé gert ráð fyrir því að komi til þess að þörf verði á nýju svæði fyrir starfsemina.

4 UMHVERFISÁHRIF

Helstu mengunarpættir

Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila sé það mat þeirra að helstu umhverfisáhrif af völdum jarðgerðarinnar séu af völdum lyktar- og örverumengunar. Ekki sé teljanleg hætta á mengun þungmálma eða annarra efna af völdum vinnslunnar að mati framkvæmdaraðila. Bent sé á að einungis sé verið að vinna með lífrænan heimilisúrgang sem að öðrum kosti hefði endað í urðun. Með urðun lífræns úrgangs sé mun meiri hætta á loftfirrtu niðurbroti með metangasmyndun. Bent er á að um lífrænan heimilisúrgang sé að ræða sem ætlaður hafi verið til manneldis og lítt hætta sé á að skaðlegar bakteríur berist í umhverfið.

Hljóðvist

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að öll vinnsla varðandi jarðgerðina, þar með talin kurlun timburs, muni fara fram á staðnum, á athafnasvæði Íslenska gámafélagsins ehf. Eins og fram hefur komið fari starfsemin fram á svæði sem sé á skipulögðu iðnaðar og athafnasvæði. Við kurlun timburs og aðra vinnu varðandi jarðgerðina fylgi ávallt nokkur vélahávaði. Til að lágmarka hættu á ónæði vegna hávaða verði vinnsla hagað þannig að ekki verði unnið snemma á morgnana né seint á kvöldin. Það sé mat framkvæmdaraðila að ekki sé líklegt að íbúar verði fyrir ónæði af vinnslunni þar sem lítt íbúabyggð sé í nágrenninu. Fjarlægð frá vinnslunni að næsta íbúðarhúsi sé rúmlega 500 metrar í loftlínu.

Lyktarmengun og meindýr

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að þar sem jarðgerðin fari fram með loftháðu ferli sé ekki hætta á mikilli lyktarmengun frá vinnslunni. Hinsvegar sé hætt við að einhverja lykt geti lagt frá hrámoltunni á meðan þroskunarferli stendur yfir og þá sér í lagi þegar velta þarf moltunni til að tryggja aðkomu súrefnis en það þurfi að gera að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Að mati framkvæmdaraðila ætti lykt frá jarðgerðinni ekki að trufla íbúa á svæðinu þar sem næsta íbúðarhús sé í meira en 500 metra fjarlægð. Við vinnsluna verði komið fyrir vindflaggi til að sýna vindátt og leitast verði við að vinna við múga fari fram þegar vindur stendur af hafi til að lágmarka hugsanlegt lyktarónæði fyrir íbúa.

Fram kemur að lyktarmengun frá múgunum sé einnig möguleg. Ljóst sé að lykt geti borist frá múgunum við umhleðslu þeirra en þess á milli berist lítt sem engin lykt frá þeim. Fari að berast óeðlileg lykt frá múgunum geti það verið vísbending um skort á loftun eða stoðefnum í vinnslunni.



Ýmislegt sé hægt að gera til að bregðast við lyktarmengun, t.d. megi bæta á timburkurl yfir múgana, umhlaða þeim til að auka loftun og bæta við stoðefnum. Ef ekki muni takast að vinna múgana til baka þ.e.a.s. ef ekki takist að minnka lyktarmengun verði hrámoltan flutt á urðunarsvæði sveitarfélagsins á Þernunesi. Til að fylgjast með þroskunarferli moltunnar verði komið fyrir síritandi hitamælum í múgunum sem tryggja að hægt sé að staðfesta að lágmarkshitastigi sé náð til að uppfylla kröfur sem gerðar séu um vinnsluhita moltu í reglugerð nr. 108/2010.

Fram kemur að til að stemma stigu við meindýrum verði gerður samningur við meindýraeyði sem hafi eftirlit með svæðinu og skrái þau meindýr sem nást. Mikilvægt sé að hylja múgana vel með timburkurli bæði til að draga úr hættu á lyktarmengun sem og til að sporna við ágengni fugla.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að í starfsleyfisdrögum fyrir jarðvegsgerðinni hafi framkvæmdaraðila verið gert að lágmarka umhverfisáhrif, svo sem lykt, hávaða, sjónmengun sem og með sýnatöku af fráveituvatni sem rennur frá múgum, taði og spæni.

Vökva- og örverumengun

Fram kemur í framlögðum gögnum að þar sem jarðgerðin fari fram í lokuðu og lekaheldu rými í jarðgerðarvél leki ekki vökvi frá vinnslunni sjálfri út í umhverfið. Þegar hrámoltan sé tekin úr vélinni og sett í haug til frekari þroskunar geti drenað sigvatn af moltunni en þó aðallega af völdum regnvatns sem sígi í gegnum moltuna. Á athafnasvæðinu séu niðurföll sem tengd séu við sandföng og olíuskilju sem taka við þessum leka. Hvað varði mengunarvalda frá hrámoltunni sé örverumengun líklegust. Fram kemur að áður en moltan sé tekin til notkunar verði send sýni til bakteríutalninga og greininga ásamt sýnum til mælinga á efnasamsetningu. Niðurstöður þessara mælinga muni sýna hvort framleiðsla moltunnar hafi gengið eins og til hafi ætlast. Standist moltan ekki kröfur, þurfi að bregðast við með því að verka moltuna lengur þ.e.a.s. halda niðurbrotsferlinu gangandi lengur eða farga moltunni á urðunarsvæði sveitarfélagsins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að með hliðsjón af umfangi og eðli framkvæmdarinnar sé ekki talið líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við staðfest Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007-2027 og liggur fyrir staðfest deiliskipulag af framkvæmdarsvæðinu á skilgreindu iðnaðarsvæði frá 2011.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt er þörf á rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða jarðgerð úr lífrænum úrgangi og stoðefnum, kurluðu timbri og hrossataði, sem fellur til frá þéttbýlisstöðum á Austurlandi og unnið er í endurvinnslustöð Sorpu á Reyðarfirði. Áætlað magn sem er endurunnið er að hámarki 600 tonn á ári. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.15 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem varða eðli framkvæmdar, staðsetningu framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér að neðan er gerð grein fyrir niðurstöðu



stofnunarinnar um jarðgerð á Reyðarfirði að teknu tilliti til framangreindra viðmiða, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Eðli framkvæmdar, staðsetning og eiginleika áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmyndun, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig á að taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til þess hversu viðkvæmt svæðið er.

Ljóst er að hér er ekki um umfangsmikla framkvæmd að ræða og markmið með framkvæmdinni er að draga verulega úr urðun lífræns úrgangs frá sveitarfélögum á Austurlandi. Gert er ráð fyrir að endurunnin verði á bilinu 450-550 tonn á ári af lífrænum úrgangi sem fellur til frá heimilum og fyrirtækjum. Þannig er framkvæmdin líkleg til að hafa jákvæð áhrif, þar sem við niðurbrotið mun ekki myndast metan CH₄ heldur koldíoxíð CO₂ þar sem niðurbrotið er í formi loftháðs ferlis. Umhverfislega séð er þetta jákvætt þar sem koldíoxíð er ekki eins skaðleg lofttegund og metangasið sem myndast meðal annars við loftfirrtar aðstæður á urðunarstöðum.

Framkvæmdin er að mati Skipulagsstofnunar líkleg til að hafa jákvæð áhrif sé litið til umhverfisáhrifa af völdum gasmyndunar sem óhjákvæmilega hlýst af niðurbroti lífræns úrgangs. Líta verður til þess að markmið landsáætlunar um úrgang er að draga úr metanmyndun frá urðunarstöðum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif jarðgerðarinnar verði hljóð-, lyktar-, og sjónmengun sem og örverumengun í tengslum við vinnsluferlið. Stofnunin telur að áður kynntar mótvægisáðgerðir ættu að draga úr neikvæðum áhrifum. Í Eins og komið hefur fram er jarðgerðin á skilgreindu iðnaðarsvæði með svipaða starfsemi og ætti því að falla að umhverfinu hvað varðar hljóð og sjónmengun. Helsti neikvæði þátturinn er lyktarmengun frá jarðgerðinni en sá þáttur ætti ekki að trufla íbúa á svæðinu þar sem næsta íbúðarhús er í meira en 500 metra fjarlægð. Vindflagg sem sett verður upp mun einnig sýna vindátt hverju sinni og leitast verður við að vinna við múga fari fram þegar vindur stendur frá íbúðarbyggð til að lágmarka hugsanlegt lyktarónæði fyrir íbúa. Einnig verða múgarnir huldur kurli sem dregur úr lykt og með þeim hætti að mengun og það ónæði sem vinnslunni fylgir hafi óveruleg umhverfisáhrif, hvort sem litið er til umgangs eða eðli framkvæmdar.

Skipulagsstofnun telur á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram hafa komið við meðferð málsins, að ekki sé ástæða til að ætla annað en að fyrirhuguð jarðgerð Íslenska gámafélagsins Reyðarfirði skili þeim tilskilda árangri sem lagt er upp með. Engu að síður er mikilvægt að í starfsleyfi sé tryggt reglubundið og virkt eftirlit með jarðgerðinni og tilgreindar áðgerðir sem ráðast skal í, skili jarðgerðin ekki þeim árangri sem lagt var upp með í byrjun, eða þeim gæðum moltunnar sem vænst er. Slík skilyrði geta varðað sjón- og lyktarmengun í jarðgerðarferlinu eða magn örvera í lokaafurðuninni.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að áformuð jarðgerð Íslenska gámafélagsins á Reyðarfirði í Fjarðarbyggð, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. desember 2017.

Reykjavík, 16. nóvember 2017

Jakob Gunnarsson

Ómar Ingbórsson